

Nd.

141. Frumvarp til laga

[83. mál]

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. að III. kafla laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1949 með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærrí tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59 frá 1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 100 000 krónum, auk vísitöluuppbótar, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkv. ákvörðun tryggingaráðs;

4. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða giftum konum, þótt þær eigi vinni utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. grein, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsg. 40. greinar séu fyrir hendi;
5. að iðgjöld atvinnurekenda á II. verðlagssvæði samkv. 112. gr. skuli á árinu 1949 vera 25% lægri en greinin ákveður;
6. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætt hafa atvinnurekstri á árinu 1948, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104 frá 1943;
7. að störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð frá 2¹/₂ 1946 um áhættu-iðgjöld o. fl.
8. að iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. skuli á árinu 1949 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig, og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli það ár vera 3,6 millj. króna;
9. að skrár þær, er sveitarstjórnnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1949 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskírteina megi á árinu 1949 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
10. að bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1949;
11. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1949 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1950;
12. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1949 vera 5 kr. á mánuði;
13. að sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104 frá 1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almennatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu greinum vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum;
14. að heildarendurskoðun laganna skuli hraðað svo, að niðurstöður hennar verði afgreiddar til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. okt. 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Lög nr. 126 frá 1947 falla úr gildi 31. desember 1948.

Greinargerð.

Frumv. þetta var sent nefndinni frá félagsmálaráðuneytinu með bréfi, dags. 13. nóv., þar sem óskað er eftir því, að nefndin flytti frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, eða 4 nefndarmenn, vildu verða við þeim tilmælum, en einn nefndarmanna (KTh) lýsti sig andvígán frumv. og tekur ekki þátt í flutningi þess. Meiri hlutinn leyfir sér að birta með frumv. eftirfarandi greinargerð og athugasemdir við hinar einstöku greinar frv. frá Tryggingastofnun ríkisins:

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af tryggingaráði, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarpið er sniðið eftir viðaukalögunum frá 1947 og samhljóða þeim að mestu. Þó eru nú tveir nýir tölulíðir teknir upp í 1. grein, heimild til að greiða giftum konum, húsmæðrum, sjúkrabætur, þótt þær vinni ekki utan heimilis, 4. liður, og heimild til að fella niður af iðgjöldum atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á ár-

inu 1948, allt að því jafnháa upphæð á árinu 1949 og þeir greiddu í slysatrygginga-iðgjöld samkv. alþýðutryggingalögunum fyrir árið 1946. Verði frv. samþykkt, má gera ráð fyrir, að útgjöld Tryggingastofnunarinnar vegna sjúkrabóta verði talsvert hærri en áætlað var í bréfi voru til fjármálaráðuneytisins, dags. 26. ágúst s. l., og að iðgjöld atvinnurekenda verði lítið eitt lægri en þar er áætlað. Er því lagt til, sbr. 8. lið, að vísitöluálagið á iðgjöldin verði miðið við 310 stig, eins og gert er á þessu ári. Áætlun II í nefndu bréfi voru til fjármálaráðuneytisins ætti að geta staðizt án frekari breytinga, ef þessi liður verður samþykktur.

Um einstök ákvæði frv. skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

1. *tölul.* Liður þessi er samhljóða 1. tölul. 1. gr. viðaukalaganna frá 1947.
2. *tölul.* Hér er lagt til, að heimild sú, sem Tryggingastofnun ríkisins var veitt í 2. lið 1. gr. viðaukalaganna frá 1947 til þess að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir lífeyrisþega, sem eru undir ákveðnu tekjumarki, verði framlengd til ársloka 1949.

3. *tölul.* Hér er lagt til, að heimildin í 3. lið 1. greinar viðaukalaganna frá 1947 til að greiða styrki til læknisvitjanasjóða verði framlengd til ársloka 1949 og rýmkuð svo, að jafnframt megi styrkja þau sjúkrasamlög, sem verða fyrir óvenjulegum kostnaði vegna læknisvitjana og sjúkraflutninga og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.

4. *tölul.* Giftar konur, húsmæður, sem ekki vinna utan heimilis, eiga ekki rétt til sjúkrabóta samkv. 39. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 92. gr. laganna, að Tryggingastofnuninni skuli vera heimilt, ef sérstaklega stendur á, að láta í té aðstoð eða hjúkrun í heimahúsum, en ákvæði þessarar greinar koma eigi til framkvæmda fyrr en kaflinn um heilsugæzlu gengur í gildi. Þykir því rétt, um leið og framkvæmd heilsugæzlunnar enn er frestað, að heimila Tryggingastofnuninni að greiða sjúkrabætur, þegar veikindi húsmóðurinnar verða þess valdandi, að kaupa þarf aðstoð eða hjúkrun. Réttur giftra kvenna, sem vinna utan heimilis, til sjúkrabóta er bundinn því skilyrði, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða. Þykir sjálfsagt að binda sjúkrabótagreiðslur samkv. þessum lið sömu skilyrðum.

5. *tölul.* Hér er lagt til, að lækkun sú á iðgjöldum atvinnurekenda samkv. 112. gr. á II. verðlagssvæði, sem heimiluð var í 4. lið viðaukalaganna frá 1947, verði látin ná til ársins 1949.

6. *tölul.* Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. og 113. gr. voru á árinu 1947 miðuð við fjölda vinnuvikna árið 1946. Iðgjöldin 1948 miðast við vinnuvikur 1947 o. s. frv. Þeir atvinnurekendur, sem hætta atvinnurekstri á árinu 1948, eiga því að greiða með tekjuskatti 1949 iðgjöld af vinnuvikum ársins 1948, þótt þeir þeirra, sem greiddu slysatryggingaiðgjöld samkv. alþýðutryggingalögunum fyrir árið 1946, hafi tvisvar greitt iðgjald vegna vinnuvikna þess árs. Þykir því rétt, þegar svo stendur á, að heimila Tryggingastofnuninni að fella niður af iðgjöldum ársins 1949 allt að jafnhárra upphæð og slysatryggingariðgjaldið fyrir árið 1946 nam.

7. *tölul.* Er efnislega samhljóða 5. lið viðaukalaganna frá 1947.

8. *tölul.* Samkvæmt 6. lið viðaukalaganna frá 1947 er heimilt að innheimta framlag sveitarfélaga og iðgjöld skv. 107. og 112. gr. með vísitöluálagi, er miðist við 315 stig. Heimild þessi hefur ekki verið notuð að fullu, og vísitöluálagið á þessu ári aðeins verið miðað við 310 stig, sbr. nefndarálit heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar, þskj. 228. Með tilliti til þess, að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur verða einnig á næsta ári miðaðar við 315 vísitölustig, og vegna þeirrar aukningar, sem ætla má, að verði á sjúkrabótum samkv. 4. tölulið þessa frv., þykir eigi fært að lækka vísitöluálagið umfram það, sem gert hefur verið á þessu ári. Að öðru leyti er liðurinn óbreyttur.

9.—12. *tölul.* Liðir þessir svara til töluliða 7.—10. í 1. gr. viðaukalaganna frá 1947 og þarfnast ekki skýringa.

13. *tölul.* Samkv. 45. gr. 1. l. nr. 104 frá 1943 ber útgerðarmanni að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld vegna lögskráðra skipverja á skipum hans. Sá kafli alþýðu-tryggingalaganna, sem í voru ákvæði um lögveð fyrir þessum gjöldum, er fallinn úr gildi. Er því lagt til, að þau verði tekin inn í 11. lið 1. gr. viðaukalaganna frá 1947 og ákvæði hans látin gilda til ársloka 1949.

14. *tölul.* Félagsmálaráðherra hefur falið tryggingaráði að vinna að endurskoðun almannatryggingalaganna samkv. 12. lið 1. gr. viðaukalaganna frá 1947, og hefur ráðið þegar byrjað á því starfi. Þykir rétt að setja nú ákvæði um, hvenær endurskoðuninni skuli lokið.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frv. til viðaukalaganna 1947, sjá þskj. 155 og 228 það ár.